



Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Alþingi 7.5.2015

Málsnr.: 1409171

Málalykill: 0345

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis

Kópavogi 7. maí 2015

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um athugun á hagkvæmni lestarsamgangna, 101 mál

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH fagnar því fyrir liggja að þingsályktunar tillaga um nauðsyn þess að hefja sem fyrst könnun á hagkvæmni lestarsamgangna milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur annars vegar og innan höfuðborgarsvæðisins hins vegar.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að sérstakur samráðshópur kanni möguleika á lestartengingu milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur. Í því ljósi er rétt að vekja athygli á því að í tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, „Höfuðborgarsvæðið 2040“ er nýtt afkastamikið almenningssamgöngukerfi, Borgarlína, hryggjastykkið í þróun samgangna og uppbyggingu byggðar. Að svæðisskipulaginu standa öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, gert er ráð fyrir að það verði staðfest nú í júní.

Í tillögunni er horft til þróunar höfuðborgarsvæðisins til næstu 25 ára. Mannfjöldaspa sem byggir á spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að íbúum muni fjölga um 70.000. Við mótnun skipulagsins hafa verið unnar ýmsar greiningar á hagkvæmni og raunhæfni lestarakerfis innan höfuðborgarsvæðisins og hafa niðurstöður þeirra skotið enn sterkari stoðum undir stefnu sveitarfélaganna um að vinna beri að því að breyta ferðavenjum þannig að hlutdeild almenningssamgangna fari úr 4% í a.m.k. 12% á næstu 25 árum. Til að það markmið gangi eftir er nauðsynlegt að byggja upp nýtt afkastamikið almenningssamgöngukerfi - Borgarlínu.

Kostnaðar- og ábatagreining leiddi í ljós að beinn þjóðhagslegur ábati af breyttum áherslum í samgöngum og skipulagi er um 200 - 400 milljarða kr. Því til viðbótar má leiða líkum að því að ábati heimila vegna minni bílakaupa séu um 100 – 250 milljarðar.

Umferðaspár draga fram að tafir í umferð margfaldast ef ekki tekst að breyta ferðavenjum. Gildir það sama þó að farið verði í vegaframkvæmdir innan höfuðborgarsvæðisins sem metnar eru á um 150 milljarða króna. Breyting á ferðavenjum mun því ekki síst gagnast þeim sem kjósa að ferðast í bíl sem og atvinnulífínu.

Þá eru ótalin umhverfisáhrif, en breyting ferðavenja styður markmið aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum og er einnig liður í að bæta hljóðvist, minnka svifryk svo eitthvað sé nefnt.

Þetta eru samsvarandi niðurstöður og hafa komið fram hjá öðrum samfélögum sem við berum okkur saman við. Þær skýra hversvegna mörg borgarsvæði að svipaðri stærð og höfuðborgarsvæðið eru að stórefla almenningssamgöngur með uppbyggingu nýrra kerfa, ýmist léttlest eða svo kallað hraðvagnakerfi (e. Bus Rapid Transit).

Nýlega var skrifað undir samkomulag milli SSH, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, og Vegagerðarinnar um samstarf um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu. Samkomulagið snýr m.a. að þróun almenningssamgangna og sjálfbæra samgönguáætlun á höfuðborgarsvæðinu. Verði þingsályktunartillagan eftir myndi hún skjóta enn sterkari stoðum undir það verkefni.

Virðingarfyllt,

Hrafnkel A. Proppé, svæðisskipulagsstjóri